

## Skriðnahellir með þeim stærstu á Austurlandi



Mynd: Martin Gasser í Skriðnahelli - Hlynur Sveinsson/youtube

Skriðnahellir í Njarðvíkurskriðum reyndist vera um 80 fermetrar að stærð og er með stærstu lokaðu hellum á Austurlandi. Göngin inn í hann um 15 metra löng. Hópur fólks fór í hellinn á laugardag til mælinga.

Þjóðsögur herma að Skriðnahellir sé tengdur Dalahelli á Héraði og Sesseljuhelli í Borgarfirði og áttu hundar og kettir að hafa komist þar í gegn. Hellirinn var lokaður í um 20 ár eftir jarðhræringar en um hvítasunnuhelgina tókst nokkrum mönnum að moka sig inn í hann. Um helgina snoru þeir aftur í hellinn og með þeim Martin Gasser jarðfræðingur. Martin segir að þrátt fyrir jarðhræringarnar sé Skriðnahellir ekki hættulegri en aðrir hellar en gæti þó reynst varasamur í mikilli rigningartíð. Fáir lokaðir hellar sem þessi séu á Austurlandi og meira sé um skúta. Einn hellamanna, Bergvin Snær Andrésson, segir að við nánari athugun hafi komið í ljós að í jarðhræringunum sem lokaðu hellinum hafi opnast ný göng og að það hafi verið sú leið sem mokað var úr. Hellamenn eru að meta hvernig best sé að auðvelda aðgengi í hellinn. Nú er ekki hægt að komast þangað nema með því að skríða á magnum og verða skítugur upp fyrir haus. Eftir að hellirinn var mældur á laugardag skáluðu hellamenn í víni og leikið var á munnhörpu.

Þeir sem tóu þátt í uppgreftrinum um hvítasunnuhelgina voru Hlynur Sveinsson, Bergvin Snær Andrésson, Birkir Björnsson og Halldór Ármann Eiðsson.



## Deila frétt

[f HTTP://WWW.FACEBOOK.COM/SHARER.PHP?U=HTTP://WWW.RUV.IS/FRETT/SKRIDNAHELLIR-MED-THEIM-STAERSTU-A-AUSTURLANDI&T=SKRIDNAHELLIR MED ÞEIM STÆRSTU Á AUSTURLANDI\)](http://www.facebook.com/sharer.php?u=http://www.ruv.is/frett/skrnidnahellir-med-theim-staerstu-a-austurlandi&t=Skridnahellir med þeim stærstu á austurlandi)



[Twitter icon](http://twitter.com/share?url=http://www.ruv.is/frett/skrnidnahellir-med-theim-staerstu-a-austurlandi&text=Skridnahellir med þeim stærstu á austurlandi) [HTTP://TWITTER.COMSHARE?URL=HTTP://WWW.RUV.IS/FRETT/SKRIDNAHELLIR-MED-THEIM-STAERSTU-A-AUSTURLANDI&TEXT=SKRIDNAHELLIR MED ÞEIM STÆRSTU Á AUSTURLANDI\)](http://www.ruv.is/frett/skrnidnahellir-med-theim-staerstu-a-austurlandi&text=Skridnahellir med þeim stærstu á austurlandi)

[Reddit icon](http://www.reddit.com/submit?url=http://www.ruv.is/frett/skrnidnahellir-med-theim-staerstu-a-austurlandi&title=Skridnahellir med þeim stærstu á austurlandi) [HTTP://WWW.REDDIT.COM/SUBMIT?URL=HTTP://WWW.RUV.IS/FRETT/SKRIDNAHELLIR-MED-THEIM-STAERSTU-A-AUSTURLANDI&TITLE=SKRIDNAHELLIR MED ÞEIM STÆRSTU Á AUSTURLANDI](http://www.reddit.com/submit?url=http://www.ruv.is/frett/skrnidnahellir-med-theim-staerstu-a-austurlandi&title=Skridnahellir med þeim stærstu á austurlandi)

[LinkedIn icon](http://www.linkedin.com/shareArticle?mini=true&url=http://www.ruv.is/frett/skrnidnahellir-med-theim-staerstu-a-austurlandi&title=Skridnahellir med þeim stærstu á austurlandi&summary=rúv) [\(HTTP://WWW.LINKEDIN.COMSHAREARTICLE?MINI=TRUE&URL=HTTP://WWW.RUV.IS/FRETT/SKRIDNAHELLIR-MED-THEIM-STAERSTU-A-AUSTURLANDI&TITLE=SKRIDNAHELLIR MED ÞEIM STÆRSTU Á AUSTURLANDI&SUMMARY=RÚV\)](http://www.linkedin.com/sharearticle?mini=true&url=http://www.ruv.is/frett/skrnidnahellir-med-theim-staerstu-a-austurlandi&title=Skridnahellir med þeim stærstu á austurlandi&summary=rúv)



Róman Ólafur Reykisson

Fréttastofa RÚV

[✉ Senda skilaboð](#)

[Hlusta](#) [▶](#) ([http://app-eu.readspeaker.com/cgi-bin/rsent?customerid=8321&lang=is\\_is&readid=region-two-66-33-first-wrapper-1036648&url=http://www.ruv.is/frett/skrnidnahellir-med-theim-staerstu-a-austurlandi](http://app-eu.readspeaker.com/cgi-bin/rsent?customerid=8321&lang=is_is&readid=region-two-66-33-first-wrapper-1036648&url=http://www.ruv.is/frett/skrnidnahellir-med-theim-staerstu-a-austurlandi))